

Árið 2012, mánudaginn 17. september er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Olympíusambands Íslands haldið á Selfossi, af Ólafi Björnssyni dómarar

Fyrir er tekið:

Mál nr. 7/2012

Hilmar Trausti Harðarson (HTH)  
gegn  
Jódódeild KA, Akureyri (JKA)

Upp er kveðinn svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR:

#### I.

Mál þetta var kært til dómstólsins af hálfu HTH með kæru, ódags, en ásamt fylgigögnum móttokin af skrifstofu ÍSÍ þann 23. febrúar 2012. Aðilum var gefinn kostur á að tjá sig um kæruatriði. Greinargerð JKA barst 30.03.2012 ásamt fylgigögnum. Dómari ákvað að málflutningur yrði skriflegur. Lögðu bæði kærandi og hið kærða félag fram svargreinargerðir, og barst grg. HTH ásamt fylgigögnum 10.apríl 2012, en grg. JKA 18. apríl 2012.

Sættir eru útilokaðar í þessu máli eins og það liggar fyrir.

#### II.

Kröfur kæranda eru eftirfarandi:

- Að kæranda verði frjálst að iðka íþrótt sína, og hann verði boðinn velkominn á æfingar jódódeilda KA, sem og annara deilda innan félagsins.

Hið kærða félag, JKA, krefst þess að málín verði vísað frá íþróttadómstóli Í.S.Í, en mótmælir einnig kröfum kæranda og krefst sýknu af þeim.

#### III.

Samkvæmt kærubréfi og greinargerð kveður kærandi málsatvik, röksemadir og lagarök vera eftirfarandi:

HTH segir að honum hafi verið meinað að iðka Jódó með Jódódeild KA, þetta hafi Jón Óðinn formaður Jódódeilda tjáð sér í ágúst 2009. Í framhaldinu, eða þann 1. mars 2010, hafi kærandi ritað stjórn KA bréf, þar sem hann mótmælti þessari ákvörðun harðlega og taldi félagarétt sinn brotinn og vísaði sérstaklega til 5 gr. laga ÍSÍ um rétt til þáttöku. Kærandi segist svo hafa fengið bréf þann 10. mars 2010, dags 9. mars 2010, frá formanni KA, Stefáni Gunnlaugssyni, þar sem segir að ákvörðun JKA, hafi verið rædd og samþykkt á fundi í aðalstjórn KA þann 8. mars 2010. Þessu bréfi mótmælti kærandi með bréfi til stjórnar KA.

**Röksemdir kæranda:**

Kærandi segir að persónuleg óvild formannsins sé rótin að því að honum hafi verið meinað að taka þátt í æfingum og starfi hjá JKA. Kærandi mótmælir því að formaðurinn geti einhliða vísað honum frá júdódeild KA.

Í kæri vísar kærandi til 5.gr. Í.S.Í c og d liðir.

**Sönnunargögn kæranda:**

- a) *Bréf kæranda til aðalstjórnar KA, dags 1. Mars 2010.*
- b) *Ódags bréf til Stefáns (virðist vera Stefán formaður KA)*
- c) *Bréf formanns KA dags 9. Mars 2010 til kæranda.*

**IV.**

Krafa Júdódeilda Knattspyrnufélag Akureyrar (JKA) um frávísun og synjun á kröfu kæranda er rökstudd á eftirfarandi hátt:

Kröfugerð eins og þessi er varla í þeim búningi að dómur verður á málið.

Júdódeild KA telur mjög hæpið að málið, eins og það liggur fyrir, eigi undir dómstól ÍSÍ sbr. grein 20.1 í lögum ÍSÍ. Í þessu ákvæði segir að mál sem varða lög og reglur innan íþróttahreyfingarinnar eigi undir dómstólinn. Júdódeild KA lítur svo á að nauðsynlegt hafi verið að grípa til þeirra úrræða sem gert var. Tilefnið var ætlað alvarlegt brot Hilmars Trausta á hegningarlögum. Málið varðar því ekki beint brot á lögum ÍSÍ. Það sýnist því eðlilegt að vísa kærunni frá.

Í grein 24.1 segir að kærufrestur sé ein vika frá því að atvik átti sér stað sem kæra varðar. Ósk Hilmars Trausta um að fá að æfa með félagini kom fram fyrst í desember 2009, munnlega, og síðan skriflega í mars 2010. Fyrra erindinu var svarað strax og því seinna þann 9. mars 2010 þannig að kærufrestur er löngu liðinn.

Í 26. gr. laga ÍSÍ er að finna reglur um form og efni kæru. Það er ljóst að efni kærunnar og upplýsingar um málavexti eru ekki í neinu samræmi við þetta ákvæði.

Það er með miklum ólíkindum að Hilmar Traust leggur málið þannig upp að ástæðan fyrir því að hann fái ekki að æfa með félagini sé óvild formanns deildarinnar í hans garð. Því fari fjarri. Tilefnið var því miður ærið til að grípa til þeirra aðgerða sem gert var.

Júdódeild KA telur að þessir þættir sem nefndir hafa verið eigi að leiða til þess að dómstóllinn vísi kærunni frá.

**Til stuðnings máli sínu lagði JKA fram 3 fylgiskjöl:**

1. *Yfirlýsingu Adams Brands Þórarinsson dags. 17. apríl 2012.*
2. *Yfirlýsingu Elvýar G. Hreinsdóttur dags. 15. apríl 2012.*
3. *Bréf Jóns Óðins Waage til dómstólsins dags. 18. apríl 2012*

**V.**

Aðilar lögðu báðir fram svargreinargerðir.

**Komu þar m.a fram eftirfarandi athugasemdir af hálfu kæranda HTH í grg. dags 4. apríl 2012:**

Það hefur alltaf legið ljóst fyrir, frá upphafi þessa máls, að aðalatriðið sé ekki eindreginn áhugi undirritaðs til að æfa með júdóeild KA, heldur sjálfsögð mannréttindi. Undirritaður hefur ekki í hyggju að sækja æfingar júdóeildar KA sem stendur. Sú ákvörðun skal hinsvegar alltaf verða hans en ekki annarra. Með því að meina einstaklingi að sækja opinbera staði er verið að skerða sjálfsagt ferðafrelsi hans og skaða mannorð hans. Slíkt er aldrei ásættanlegt.

**Svargreinargerð frá hinu kærða félagi JKA barst 18. apríl 2012, en þar segir m.a.:**

**Hilmar Trausti segir í svari sínu:**

„Í greinargerð KA kemur hvergi fram hver sé formleg ákvörðun aðalstjórnar. Hún á sér hvorki dagsett upphaf né endi. Hvergi kemur fram hvar hún gildir og hvar ekki. Í greinargerð er vísað til tveggja vikna kærufrests. Undirrituðum hefur hinsvegar aldrei verið birt nein yfirlýsing/ákvörðun sem hægt hefur verið að kæra með formlegum hætti.“

**Eins og fram kemur í gögnum þeim sem Hilmar Trausti lagði sjálfur fram með kæru sinni móttók hann bréf frá aðalstjórn KA þann 10.mars 2010. Í því bréfi stendur orðrétt:**

„*Tekið var fyrir bréf þitt til aðalstjórnar á fundi í gær, 8. mars 2010, um ágreining við júdóeild KA. Það tilkynnist hér með að aðalstjórn KA hefur kynnt sér þetta mál og styður ákvörðun júdóeildar KA.*“

**Hilmar Trausti staðfestir móttöku á bréfi aðalstjórnar þann 10. mars 2010.** Hann segist ekki vita hver sé formleg ákvörðun aðalstjórnar. Eins og skýrt kemur fram hér að ofan styður aðalstjórn KA ákvörðun júdóeildar félagsins. Ennfremur kemur glöggjt fram í bréfi Hilmars Trausta til aðalstjórnar og tekið var fyrir á ofangreinum fundi, að Hilmari Trausta var meinað að þjálfa og æfa með júdóeildinni. Um það snýst einmitt kæra Hilmars Trausta. Það að bera fyrir sig að hafa ekki vitað hver ákvörðun aðalstjórnar hafi verið er undarlegt, hann kvartaði við aðalstjórn um að honum hafi verið meinað að þjálfa og æfa hjá júdóeild KA, aðalstjórn svarar því að hún styðji ákvörðun Júdóeildar.

**VI.  
Niðurstaða**

Mál þetta varðar einkum ágreining um það hvort hið kærða félag, JKA, hafi verið heimilt að meina kæranda, HTH, að iðka júdó með JKA. Fyrir liggur af hálfu kæranda að þessi ákvörðun JKA var tilkynnt honum í ágúst 2009. Í framhaldi skaut kærandi máli sínu með bréfi þann 1. mars 2010 til stjórnar aðalstjórnar KA, þar sem hann mótmælti þessari ákvörðun harðlega og taldi félagarétt sinn brotinn og vísaði sérstaklega til 5 gr. laga ÍSÍ um rétt til þátttöku. Fyrir liggur einnig í málinu að kærandi fékk einnig bréf þann 10. mars 2010, dags. 9. mars 2010, frá formanni KA, Stefáni Gunnlaugssyni, þar sem segir að ákvörðun JKA, hafi verið rædd og samþykkt

á fundi í aðalstjórn KA þann 8. mars 2010.

Samkvæmt lögum ÍSÍ, grein 24.1 segir að kærufrestur sé ein vika frá því að atvik átti sér stað er kæra varðar. Samkvæmt gögnum málsins liggar fyrir að endanlega afgreiðsla stjórnar KA, en JKA, er ein af deildum félagsins, lá fyrir í höndum kæranda **10. mars 2010**. Frá þeim tíma mátti kæranda vera ljóst að ákvörðun JKA, um að víkja kæranda frá æfingum og keppni á vegum JKA, var orðin endanleg.

Þar sem málið var ekki kært til Dómstóls ÍSÍ fyrr en með bréfi kæranda móttaknu af dómstólnum 23. febrúar 2012, er ljóst að kærufrestur er löngu liðinn og því óhjákvæmilegt annað enn vísa kærunni frá domi.

Niðurstaða málsins er því sú að taka beri til greina frávísunarkröfu kærða, JKA.

#### ÚRSKURÐARORD:

Framkominni kæru HTH á hendur hinu kærða félagi, JKA er vísað frá domi.

Upplesið í réttinum að aðilum fjarstöddum.

Þannig fram farið.  
Selfossi 17. september 2012

  
Ólafur Björnsson dómari  
(sign.)

#### Um áfrýjun:

Heimilt er að skjóta úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, og er áfrýjunarfrestur til áfrýjunardómstólsins ein vika frá því aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu þess, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að framangreindur úrskurður var kveðinn upp.